

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 24/2012****2012/EES/34/23****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2011 frá 19. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 201/2011 frá 1. mars 2011 um fyrirmynd að samræmisýfirlýsingu fyrir viðurkennda gerð járnbrautarvagns ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37de (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/155/ESB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37df. **32011 R 0201**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 201/2011 frá 1. mars 2011 um fyrirmynd að samræmisýfirlýsingu fyrir viðurkennda gerð járnbrautarvagns (Stjtíð. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 201/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 64.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 57, 2.3.2011, bls. 8.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.